

Fundargerð 57. fundar skráningarráðs Gegnis miðvikudaginn 8. desember 2010
haldinn í Landskerfi bókasafna, kl. 9.00-11.00.

Fundarmenn: Anna Sveinsdóttir (fundarritari), Gunnhildur Loftsdóttir, Sigrún J. Marelsdóttir og Þóra Sigurbjörnsdóttir (formaður).

Auk þess sátu fundinn Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gegnis, Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri og Sveinbjörg Sveinsdóttir framkvæmdastjóri Landskerfis bókasafna.

1. **Fundargerð síðasta fundar** var yfirfarin og samþykkt eftir að búið var að breyta hluta úr setningu í 5.-6. lið, þ.e. „Skráningu á lögum þyrfti einnig að samræma og ákveða hvenær á að nota svið 110 og hvort yfirhöfuð á að nota svið 240” var breytt í „Skráningu á lögum þyrfti einnig að samræma og ákveða hvenær á að nota svið 110 og hvenær á að skrá stofnun”.
2. **Primo.** Fanney Sigurgeirsdóttir kom á fundinn og kynnti Primo. Beta útgáfa verður tilbúin í febrúar. Fundarmenn voru sammála um ágæti Primo og að leitargáttin yrði til hagsbóta fyrir notendur. Fanney mun senda okkur slóðir að söfnum sem eru að nota Primo.
3. **Önnur mál**

Viðsnúningur á íslenskum nöfnum með eftirnöfnum

Skráningarráði hefur borist fyrirspurn um viðsnúning á íslenskum nöfnum með eftirnöfnum þegar tilvitnanir eru fluttar úr Gegni í tilvísunarkerfi. Það virðist vera mismunandi hvort íslenskum nöfnum með eftirnöfnum er snúið við þegar þau eru flutt úr Gegni í EndNote eða RefWorks. Þetta virðist ekkert hafa með Gegni að gera heldur tilvísunarkerfin sjálf og því ekki í verkahring skráningarráðs. Þóra, Sigrún og Dögg skoða þetta.

„Sjá einnig” tilvísanir

Skoðuð voru nokkur dæmi um listamenn og listamannanöfn. Taka þarf ákvörðun um tilvísanar og frávísanir. Lagt var til að skráningarráð skoðaði þetta betur og væri í samráði við Rögnu Steinarsdóttur fagstjóra íslenskrar skráningar á Landsbókasafni.

DeweyWeb kynning

Dræm mæting var á kynningu á DeweyWeb sem haldin var 30. nóvember sl. Skráningarráð var þó sammála um að halda eigi til streitu að kanna kostnað við samlagsáskrift í gegn um Landskerfi bókasafna.

Póstlistinn Vanda

Gæðastjóri skráningar hefur nýlega farið yfir póstlistann Vöndu og komist að því að ekki nærri allir skrásetjarar eru á listanum. Þeim hefur nú verið bætt við þar sem það er skylda.

Fræðslufundur skrásetjara

Það er almennt álit skráningarráðs að fræðslufundur skrásetjara sem haldinn var 26. nóvember sl. hafi tekist með ágætum.

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið kl. 11:15. Næsti fundur er áætlaður miðvikudaginn 12. janúar kl. 9.